

Fundargerð

33. fundur í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 26. maí 2020 kl. 13:00 – 15:30

Mættir: Halldór Runólfsson (HR), formaður, Ólöf Ósk Guðmundsdóttir (ÓÓG), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH) og Steinunn Garðarsdóttir (SG). Þorvaldur Kristjánsson (ÞK), Leó Alexander Guðmundsson (LAG). Trausti Baldursson (TB),boðaði forföll.

Auk þess sátu fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB) sem ritaði fundargerð.

HR setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Samþykkt dagskrár

Dagskrá var samþykkt án athugasemda.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 32. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi

- Kynning á erfðalindasetri og starfi erfðanefndar landbúnaðarins fyrir Lions konur í Borgarnesi.
- Texti um íslenska nautgripi fyrir heimasíðu Nordgen, næst verða hross tekin fyrir.
- Texti um forystufé fyrir heimasíðu ERFPP.
- Verið að vinna að skráningum á forystufé.
- Verið að vinna að skráningum á geitfé úr eldri skýrslum í samstarfi við RML.
- Útflutningur á hafrasæði til Bandaríkjanna í undirbúningi – tafir vegna Covid-19.
- Vinnufundi ERFPP sem vera átti í maí – frestað.
- Hvanneyrarhátíð aflýst þar sem fyrirhugað var að vera með kynningu á Yndisgróðri og íslenskum húsdýrum.
- Nýtt ritrýnt tímarit á netinu Genetic Resources (www.GenResJ.org) opið öllum. Plöntur, skógur og húsdýr. GenResBridge verkefnið.
- Styrkumsóknir, níu umsóknir bárust.
- Rannsókn Matís á geitamjólk – góðir ostaeiginleikar í mjólkinni mikið af α_{s1} casein, meira en í norskum geitum.
- Pétur Halldórsson ráðunautur í hrossarækt hafði samband og lýsti áhuga á að skoða frystingu á sæði úr stóðhestum til langtíma varðveislu.
- Fundur í húsdýraráði 19. apríl (Teams fundur) þar sem BKB og HR tóku þátt.
- Lokaskýrsla barst um verkefnið *Erfðagreining á kynjahlutfalli í hrygningastofnum laxfiska* (2019) frá Arnari Pálssyni.

Rætt var um frystingu sæðis úr stóðhestum til langtíma varðveislu og fyrirspurn Péturs Halldórssonar.

Afgreiðsla: BKB falið að svara fyrirspurn Péturs og benda á að æskilegt væri að fagrað hrossaræktarinnar fjallaði um málið.

4. Rekstur 2020

Rekstur 2020

Erfðanefnd landbúnaðarins 26. maí 2020

Tekjur:

Óráðstafað eigið fé 31.12.2019	2.113.650
Framlag til nefndarinnar samkvæmt samningi við ANR	7.665.046
Samtals	9.778.696

Gjöld:

LbhÍ v/ erfðalindaseturs á Hvanneyri	3.842.000
Isnic lén www.agrogen.is	5.980
BSV v/ræktunar forystufjár, ferhyrindra og feldfjár	130.000
Styrkir	3.350.000
Auglýsing v/ styrkja Bændablaðið	73.042
ERFP árgjald (hefur verið 800 evrur)	111.454
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2017	175.000
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2018	612.500
Ógreiddar eftirstöðvar styrkja 2019	875.000
Samtals	9.174.976

Eigið fé:

Óráðstafað eigið fé 01.01.2020	2.113.650
Framlag umfram ráðstöfun á árinu 2019	- 1.509.930
Samtals óráðstafað eigið fé 31.12.2020	603.720

Endurgreiðsla vegna funda ERFP 200 þús. felld út

Framlag til erfðalindaseturs var síðast hækkað í október 2016 þá var launavísitala 588,3

í desember 2019 var launavísitala 700,7

miðað við þessar forsendur ætti framlag til setursins að vera 3.842.000

Áætlaður kostnaður vegna Hvanneyrarhátíðar (aflýst) 50 þús. fært á styrki 2020 og kostnaður vegna ERFP aðalfundar (Birna) 300 þús. fært á styrki þar sem ekki verður haldin fundur þetta árið vegna Covid-19

4. Styrkir 2020

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð sem sótt er um	Veittir styrkir
Arnar Pálsson, HÍ	Kyn og stórfiskagen í íslenskum laxveiðiám	900.000	900.000
Brynja Hrafnkelsdóttir	Hýsilval birkikembu og birkiþélu og áhrif þeirra á vöxt birkis	900.000	900.000
Eigenda- og ræktendafélag landnámsþænsna ERL	Fjöldi landnámsþænsna	150.000	150.000
Eigenda- og ræktendafélag landnámsþænsna ERL	Ræktunarstarf landnámsþænsunnar. Vottun ræktunarstofna/búa	900.000	hafnað *
Ragnhildur Sigurðardóttir DIF	Virk stofnstæð íslenska fjárhundsins og erfðafjölbreytileiki	900.000	hafnað *
Skálpur Slf.	Rófur	900.000	hafnað *
Slow Food í Reykjavík	Textagerð, hönnun og prentun á „Sögumiðum“	510.000	510.000
Fræðafélag um forystufé	Aðlögun Fjarvís að forystufé	900.000	900.000
Þóra Margrét Lúthersdóttir	Áhættuarfgerð vegna riðu á búi umsækjanda	4.000.000	hafnað*
Samtals		10.060.000	3.360.000

*Umsóknir véku í forgangsröð

Nú umsóknir barust nefndinni að upphæð 10.060.000 kr. veittir voru fimm styrkir að upphæð kr.3.360.000.

Afgreiðsla: BKB falið að gera uppkast af svári til umsækjenda

5. Önnur mál

Erindi frá Daníel Hansen forstöðumanni Fræðaseturs um forystufé um aðstoð við að finna út hvaða ferli þarf að fara í gegnum til að fá viðurkenningu á forystufé hjá UNESCO fyrir húsdýrakyn í útrýmingarhættu.

Afgreiðsla: BKB falið að leita upplýsinga um viðurkennarferli UNESCO og kynna fyrir nefndinni og Daníel Hansen

Erindi frá Andrésí Filippussyni varðandi gamlan stofn aligæsa sem hann hefur haldið undanfarin 25 ár í nágrenni Seyðisfjarðar. Gæsirnar fékk hann á sínum tíma frá Fáskúðsfirði og höfðu þær verið haldnar þar í um 40 ár. Gæsirnar hafa verið að sækja í þéttbýli Seyðisfjarðar vegna þessa að þeim hefur verið gefið brauð og valdið þar ónæði. Óskaði hann eftir aðstoð erfðanefndar landbúnaðarins við að koma þeim tilmælum til fólks að um gamlan stofn væri að ræða og mætti því ekki lóga þeim. BKB hafði samband við Andrés þann 26. maí og taldi hann að gæsirnar væru allar dauðar því þær höfðu ekki skilað sér heim í varp í vor eins og þær hafa verið vanar.

Rætt var um innflutning á holdanautasæði og fósturvísunum úr Aberdeen angus sem kom nýlega til landsins og hvort erfðanefnd hefði fengið málið til umsagnar. Ekki hefur verið óskað eftir umsögn erfðanefndar um þennan innflutning.

6. Næsti fundur

Áætlað er að halda næsta fund 10. nóvember 2020.